


Hvers vegna ekki sæstreng frá Straumsvík til Helguvíkur?

Eftir Kára Jónasson, Valdimar K. Jónsson og Skúla Jóhannsson



Eftir Kára Jónasson, Valdimar K. Jónsson og Skúla Jóhannsson: "Eignarnámsmálið fer nú sína leið, en við teljum að lagning sæstrengs gæti leyst þetta mikla deilumál, þannig að allir gætu vel við unað."

Í lok febrúar á þessu ári heimilaði iðnaðar- og orkuráðherra Landsneti eignarnám vegna lagningar Suðurnesjalína 2 og 3 frá Hafnarfirði til Helguvíkur. Landeigendur vilja að línan verði lögð í jarðstreng, en það telur Landsnet of dýrt.

Við höfum furðað okkur á því að í umræðunni um Suðurnesjalínur hefur aldrei, að því okkur er kunnugt, verið rætt um að leggja sæstreng frá Straumsvík til Helguvíkur í stað Suðurnesjalína.

Lítum nú aðeins á staðreyndir málsins áður en lengra er haldið. Fyrir tveimur árum var gengið frá orkusölusamningi milli Century Aluminium annars vegar og Orkuveitu

Reykjavíkur og HS-Orku hins vegar. Samningurinn hljóðaði upp á framleiðslugetu samtals 360.000 tonn/ári og raforku upp á 600 MW. Áfangar gætu verið: 1. áfangi: 120.000 tonn/ári og 200 MW raforku, 2. áfangi: +120.000 tonn/ári og +200 MW raforku, og að lokum 3. áfangi: +120.000 tonn/ári og +200 MW raforku. Til samanburðar var ársframleiðsla álversins í Straumsvík í upphafi (árið 1969) 30.000 tonn/ári en er núna 205.000 tonn/ári. Má af þessu gera sér í hugarlund stærð fyrirhugaðs álvers í Helguvík.

Við fyrsta áfanga þarf einungis að styrkja flutning frá Reykjanesvirkjun til Helguvíkur, samhliða því að þriðja 50 MW vélasamstæðan þar verði tekin í notkun. Með 2. og 3. áfanga álversins þarf, að mati Landsnets, að leggja tvær samhliða 400 kV háspennulínur eftir Reykjaneskaga miðjum, svonefndar Suðurnesjalínur.

Gert er ráð fyrir miklum og kostnaðarsömum framkvæmdum vegna niðurrifs og endurnýjunar eldri búnaðar alla leið upp í Þjórsárvirkjanir og þá mest í nágrenni Hafnarfjarðar. Ýmsir aðilar sem þetta leiðarval snertir hafa mótmælt, en því er mætt af fullri hörku og er eignanám ákveðið hjá þeim landeigendum sem enn hafa ekki samþykkt línulögn umyrðalaust.

Suðurnesjalínur 2 og 3 verða 35 km langar loftlínur og möstrin allt að 30 metra há meðfram Reykjanesbraut. Landeigendur vilja hinsvegar að lína verði lögð í jörð. Hvort sem þarna verður loftlína eða jarðstengur má alltaf búast við töluverðu jarðraski. Á meðfylgjandi korti má sjá nokkurn veginn hvernig línan mundi liggja. Athygli er vakin á því að Landsnet áformar að línan verði lögð í jörðu 10 km frá Fitjum til Helguvíkur. Þá vaknar spurningin hvers vegna ekki hafa verið lagðir fram útreikningar vegna sæstrengs frá Straumsvík eða næsta tengivirki og til Helguvíkur. Með honum yrði bæði komið í veg fyrir jarðrask vegna jarðstrengs og sjónmengun vegna loftlína. Samkvæmt lauslegum útreikningum þyrfti að leggja 30 km sæstreng á milli þessara staða. Sjávardýpi þarna er mest um 40 metrar og botn talinn nokkuð góður fyrir sæstreng. Að sjálfsögðu þyrfti að gera fjölgeislamælingar þarna og kanna botndýralíf á væntanlegri leið. Þess má geta að á síðasta ári var lagður nýr sæstrengur milli lands og Vestmannaeyja, samtals 17,5 km og var kostnaður við það verk um 1,6 milljarðar króna.

Eignarnámsmálið fer nú sína leið, en við teljum að lagning sæstrengs gæti leyst þetta mikla deilumál, þannig að allir gætu vel við unað. Því skorum við á stjórnvöld og aðra þá sem með málið fara að huga að þessum kosti við að flytja raforku frá orkuverum að iðnaðarsvæðinu í og við Helguvík.

Kári er fyrrverandi fréttamaður, Valdimar er prófessor emeritus og Skúli er verkfræðingur.